



Stjórn FÍR

Reykjavík 7. desember 2022.

Fundarstaður: Stórhöfði 29

Mættir voru: Andri Reyр Haraldsson, Sigmundur Grétarsson, Sigurður Freyr Kristinsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson og Eiríkur Jónsson.

Mættur í fjarfundi: Þór Hinriksson.

Gestir: Ólafur Sigurðsson og Kristján Geir Pétursson frá Birtu.

Fundur hófst kl. 18:01

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

Dagskrá:

1. Birta og fjárfesting í PLAY

Formaður bauð gesti velkomna og bauð Ólafi að skýra frá sjónarmiðum Birtu fyrir fjárfestingu í Play. Ólafur sagði að fjárfesting í Play samræmdist fjárfestingastefnu Birtu og hefði úttekt fjárfestingarráðs verið studd skýrslum um rekstraáætlanir og eins hefði lögfræðilít um starfsmannmál Play verið jákvætt. Fundarmenn ítrekuðu að það væri ekki góðs viti að Birta væri að fjárfesta í félögum sem væru með samninga við gul verkalýðsfélög. Ólafur sagði að verið væri að vinna að nýjum samningum við starfsmenn Play og vonast hann til að þeir samningar verði sambærilegir og gerist í fluggeiranum. Fjárfestingarráð Birtu hefur trú á fjárfestingunni og að hún muni skila sér vel tilbaka.

2. Kjaramál og staðan í kjaraviðræðum

Formaður fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum og er nokkuð góður gangur í viðræðunum.

3. Fundargerðir

Formaður lagði fram fundargerð frá fundi stjórnar 16.11.2022 var hún samþykkt.

4. Heimasíða og miðlar

Formaður ræddi um að fá Harald Arnarsson í að ganga í að uppfæra heimasíðuna og gera þeir breytingar sem þarf. Var það samþykkt, fundarmenn eru ánægðir með þær breytingar sem búið að gera.

5. Útlagður kostnaður og vinnureglur

Formaður hóf umræðu um kostnað í ferðum erlendis og voru umræður um kostnað í ferðum. Samþykkt að fela gjaldkera að koma með drög að reglum um útgjöld vegna ferða erlendis.

6. Fundur með trúnaðarráði.

Formaður ræddi um að hugsanlega þyrfti að kalla trúnaðarráð saman með stuttum fyrirvara til að ræða um kjarasamning og fá samþykki fyrir undirritun. Stefnt er á nýárs fund trúnaðarráðs, þar verði afhentar nýársgjafir.

7. Önnur mál

Guðmundur Ævar ræddi um að senda fulltrúa á sveinakeppni í Danmörku 2. til 4. febrúar 2023. Sigurði Frey falið að skoða kostnað vegna ferðar.

Guðmundur Ævar tilkynnti að hann myndi bjóða sig fram til setu áfram sem varaformaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:40

Fundargerð ritaði SpG